


Myndlistarskólinn í Reykjavík

Starfsmannakakó

20 desember 2023



MYNDLISTASKÓLINN

Í REYKJAVÍK

Forsaga

Þegar fyrirtæki – hvort sem um er að ræða skóla eða hverskonar starfsemi sem felur í sér þjónustu við fólk – stækka hratt – þá er tilhneigingin sú að það hriktir í stoðum og hlutverk starfsfólks brenglast.

Það eru hreint ekki öll fyrirtæki sem lifa af slíkar stækkanir en í öllum tilfellum er breytinga þörf.

Myndlistaskólinn í Reykjavík lagðist í breytingar eins og frægt er orðið:

Stiklað á stóru

... breytingarnar hófust með breytingu á starfshlutfalli umsjónaaðilla diplómabrautanna en að sama skapi voru laun fyrir umsjónina hækkuð um leið og skerpt var á hlutverki og ábyrgð.

Síðan var ráðnin sérfræðingur í fjármálastjórnun.

Rafrænt bókaeld var tekið upp og mikil vinna var lögð í að útbúa kerfi sem er byggt á jafnrétti og gangsæji og felur í sér að allir taki þátt í fjárhagslegri áætlanagerð og hafa á sama tíma tæki til að fylgjast betur með og stýra sinni deild farsælega.

Samræming á launagreiðslum til kennara er að sama skapi liður í því að gera bókhaldið gagnsæjara og réttlátara fyrir alla.

Þrátt fyrir að aðgerðir hafi fyrir alla á einhverjum tímamarki verið erfiðar og jafnvel óskiljanlegar á köflum – þá var eina ástæðan fyrir þeim að bjarga skólanum.

Yfirmarkmiðið var að snúa hallarekstri í hagnað sem núna hefur raungerst – það er afgangur af þessari önn sem hefur leitt af sér 10% hækkun launa á línuna

- Breytingarnar eru ekki yfirstaðnar – en í þessum leiðrétta grunni getum við haldið áfram að gera hlutina betri – einfaldari og skýrari og þar með hagkvæmari bæði fyrir budduna og sinnið.
- Stóra sameiginlega verkefnið okkar í framhaldinu er svo að gera Myndlistaskólann í Rvk að besta vinnustað landsins –

MYNDLISTASKÓLINN

Í

REYKJAVÍK

... fyrsta skrefið tekið

Til þess að komast að nálægt núllpunkti var mikilvægt að kanna líðan og hug starfsfólks sem gert var með einstaklingsviðtölum.

Niðurstaða viðtalanna var afskaplega skýr. Starfsfólk skólans ber afskaplegar hlýjar tilfinningar til skólans og ber svo sannarlega hag nemenda sinna og samstarfsfólks fyrir brjósti.

Sem liður í verkefninu og fyrsta skrefið í þeirri vegferð að gera MÍR að besta vinnustað landsins var boðað til kakófundar.

Starfsmannafundurinn var vel sóttur og allir lögðu sitt á vogaskálarnar

Unnið var með eftirfarandi spurningu:

Hvernig gerum við skólann betri ?

Það var augljóst að þeir einstaklingar sem þarna voru mættir höfðu áhuga á málefnum Skólans og kom það berlega í ljós frá upphafi að það var um sterkar skoðanir að ræða. Umræður í hugafluginu voru málefnalegar og á jákvæðum nótum og það var gott að sjá svo glögglega viljann til uppbyggingar á meðal þátttakenda. Þátttakan í umræðum í hópunum var mikil. Þeir sem þarna mættu og tjáðu skoðanir sína voru mjög samstíga og greinilega verið að hugsa á svipuðum nótum. Þar af leiðir að niðurstöður hópanna eru mjög áþekkar og því hægt að segja að heildar niðurstaða starfsmannafundarins sé nokkuð afgerandi. Setja má niðurstöðurnar upp í fjóra áhersluhópa.

1. Húsnæði

Tíðrætt var um nauðsyn þess að bæta þurfi umhverfið innan og utan skólans. Bæta þyrfti aðstöðuna fyrir kennara, nemendur, sérfræðinga og annað starfsfólk, ásamt verkstæðum og stofum.

Allir hóparnir töluðu um óásættanlega aðstöðu utanhúss – enda aðkoman ekki upp á marga fiska. Aukinheldur var talað um aðbúnað og tækjakost sem bæði vantar uppá og er úr sér genginn á einn eða annan hátt.

2. Meira samstarf

Umræðan um aukið samstarf á milli starfsfólks skólans fékk mikið pláss í umræðunni hvort heldur sem um var að ræða aukið faglegt samstarf á milli deilda, fleiri stefnu mótandi fundi og samverustundir eða að passa upp á andrúmsloftið með því að vera meira opin og jákvæð í samskiptum. Gleði, kaffisþjall, nasl og kósí rataði oft inn á miðana.

Einnig kom fram mikilvægi þess að nýta auðinn í sköpunarkrafti starfsmanna ásamt því að vera reglulega með upplýsingafundi og bjóða upp á námskeið eða fyrirlestra fyrir starfsfólk um málefni um það sem máli skiptir fyrir starfsemi af þessum toga.

Allt í allt – fleiri gæðastundir þar sem mannauðurinn fær að njóta sín.

MYNDLISTASKÓLINN

Í

REYKJAVÍK

3. Skýrari verkferlar

Margoft kom fram í umræðunni að bæta þurfi verkferla skólans. Heilt yfir virðist sem aðgengi að gögnum og upplýsingaflæði sé ábótavant. Kallað var eftir skýrari ramma fyrir hvert hlutverk – ásamt aðgengi að gangagrunni og verkefnabanka. Meðal annars var talað um þetta í tengslum við innleiðingu í störf og sem mætti hafa ítarlegri starfslýsingu.

4. Kynning og samtarf utan skólans

Taka þátt í verkefnum utan skólans

Ná í BA stig

Fleiri kennara að utan- erlendis frá – með eða án Erasmusstyrks

Opin fyrir uppátækjum

Kröftugri markaðsmál og gera skólann sýnilegri

Aukin tengsl við samfélagið

Opna skólann með samstarfi og skapandi sviðsmyndum

Styrkja tengsl við eldri nemendur sem núna eru starfandi listamenn

... og næstu skref

Fyrstu næstu skref hafa verið tekin

Mánudagar voru valdir dagurinn þar sem allt starfsfólk gerir sitt allra besta til að vera í húsi. Starfsmannafundir verða í framhaldinu haldnir fyrsta mánudag í mánuði og alla jafna verður hægt að ná í skottið á öllum til skrafs og ráðagerða á þessum degi. Þessi gjörningur er fyrsti liður í því að koma til móts við lið tvö og þrjú af ofangreindu.

Einnig hefur fyrsta skrefið í að einfalda aðgengi að gögnum verið tekið með því að gera vinnugátt MIR á One Drive aðgengilegri og skiljanlegri. Fee hélt grunnkynningu á því sem hún hefur verið að laga til þar – og starfsfólk hefur því nú þegar grænni grun um það hvar, hvað er geymt og hvaðan aðgengilegt.

Markaðsáætlun fyrir skólann er í vinnslu og er gerð með það fyrir augum að nýta allar samskiptaleiðir til fulls til kynningar á skólanum – bæði innaskóla (milli deilda) og utan. Verið er að fara yfir og greina markaðsefni skólans – bæði prentað og rafrænt – til þess að hægt sé að gera það betra á sem hagkvæmastan hátt og nýta í kynningar á viðburðum.. svo sem Sundlaugarverkefninu, Strætóverkefninu, opnum húsum, fundum með faghópum og svo framvegis.

Það er af nógu að taka til að bæta skólann en það er mikilvægt líka að horfa á það sem þó er og hefur verið gert.

Það er mikilvægt að þeir sem áhuga hafa á að vinna áfram með eitthvað af þeim hugmyndum sem fram komu á fundinum bjóði sig fram til að vinna að þeim málum.

Tillögur:

- Viðverudagatal einhverstaðar miðsvæðis – jafnvel með myndum
- Eitt skjal með öllum stundartöflum
- Útvörp í stofur og lampar
- Tafla í anddyri með sýningum líðandi stundar
- Tilfallandi fundir með öllum kennurum annarinnar
- Skipuleggja félagsstarf
- Skipuleggja bollakaffi
- Leyfa starfsmönnum skólans að fá Sali lánaða
- Hugaflygsfundir

Það er skemmtileg vinna framundan hjá okkur starfsmönnum Myndlistaskólans í Reykjavík þegar við tökum málin í okkar hendur og sköpum það umhverfi sem við höfum áhuga á að lifa og hrærast í á okkar vinnutíma.

... og gangi okkur vel

Steingerður Hreinsdóttir

MYNDLISTASKÓLINN

Í

REYKJAVÍK